

## Viðbrögð Landspítala við COVID-19 heimsfaraldrinum 2020-2022

### Samantekt

Farsóttanefnd Landspítala hefur gefið út tvær skýrslur um viðbrögð Landspítala við heimsfaraldri COVID-19 á árunum 2020-2022. [Fyrri skýrslan kom út í febrúar 2023](#) og sú [seinni í júní sama ár](#). Hér verður gerð grein fyrir helstu efnispáttum beggja skýrslanna.

Fyrri skýrslan tekur yfir tímabil fyrstu og annarrar bylgju COVID-19 frá upphafi árs 2020 fram á haustið 2020. Í henni er gerð grein fyrir hornsteinum hefðbundins farsóttaviðbragðs, þ.e. aðstöðu, mönnun, tækjum og búnaði. Auk þess er gerð ítarleg grein fyrir stjórnun viðbragðsins (kafla 2), undirbúningi og framkvæmd (kafla 3). Dreginn er lærdómur og vísað í 11 fylgiskjöl þar á meðal ítarlega tímalínu þar sem atburðir og ákvarðanir eru raktar dag frá degi, í alls 92 liðum (fskj. 7). Þá er gerð grein fyrir tilurð og starfsemi COVID-göngudeildar (fskj. 1), viðbrögðum á gjörgæsludeildum (fskj. 2) og áhættumati sýkla- og veirufræðideildar (fskj. 6) o.fl. Megináherslan í þessar skýrslu er eins og fyrr segir á hornsteina farsóttaviðbragðsins sem allt annað hvílir á (kafla 3). Gerð er ítarleg grein fyrir aðstöðu/húsnæði sem þurfti víða að breyta í skyndi, hólfa með plastveggjum, skilgreina flutningsleiðir og útfæra þrif svo eitthvað sé nefnt (kafla 3.3.). Í kafla 3.4. er gerð grein fyrir tækjabúnaði sem þurfti að afla ýmist erlendis frá eða frá birgjum eða einkastofum innanlands. Má þar nefna öndunarvélar, flutningshylki, greiningartæki og ýmis smærri tæki s.s. blóðþrýstingsmæla, súrefnismettunarmæla og hjartarafsjár.

Í kafla 3.5. er gerð grein fyrir mönnun sem nú er ein mesta áskorun heilbrigðisþjónustunnar og sérstaklega á faraldurstímum. Sú áskorun sem felst í umönnun sjúklinga með áður óþekktan sjúkdóm er risavaxin og krefst mikils mannafla og sérhæfingar á tilteknum sviðum. Í kafla 3.6. er svo gerð grein fyrir ýmis konar birgðum sem er lykilatriði að hafa tiltækar á faraldurstímum; lyf og innrennslisvökvar, hlífðarbúnaður, sótthreinsefni og áhöld til sýnatöku og greininga (sýnatökupinnar og hvarfefni) svo eitthvað sé nefnt. Í 4. kafla er gerð grein fyrir ýmsum þáttum í framkvæmd viðbragðsins s.s. söfnun og miðlun upplýsinga (4.2), breytingum á starfsemi Landspítala (4.3.), COVID-göngudeild (4.4.) og mönnun (4.5.). Í kafla 4.6. er svo gerð grein fyrir hvernig flæði sjúklinga sem ekki voru með COVID-19 var skipulagt en það var sérstakt úrlausnarefni sem viðbragðsstjórn skipaði vinnuhóp utan um. Í kafla 4.7. er að finna ýmsar tölulegar upplýsingar og loks er í 5. kafla dreginn lærdómur, bæði farsóttanefndar og af skýrslu sem unnin var undir forystu framkvæmdastjóra lækninga og gæðadeild um lærdóminn af viðbrögðum Landspítala við COVID-19 (fskj. 10).

Seinni skýrslan er tvíþætt:

1. Fyrri hlutinn fjallar áfram um viðbrögð Landspítala við 3. og 4. bylgju faraldursins en þau eru byggð á þekkingu, reynslu og lærdómi sem hlaut í fyrstu bylgju. Fyrst er fjallað um stjórnun viðbragðsins (kafla 2) og síðan er rakið í tímaröð hvað gerðist og hver viðbrögðin voru á hverjum tíma (kaflar 3, 4 og 5). Tímalína byggð á daglegum tilkynningum farsóttanefndar er sett fram en hún nær yfir tímabilið frá 20. september 2020 til 11. október 2022 og inniheldur 377 atriði en alls er gerð grein fyrir 469 atriðum í heildartímalínu farsóttanefndar (fskj. 3).
2. Í seinni hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir viðbrögðum og lærdómi fjölmargra starfseininga. Í köflum 6 og 7 er fjallað ítarlega um verkefni sýkingavarnadeildar og allar þær fjölmörgu sóttvarnarráðstafanir sem gripið var til. Í köflum 8-30 er svo umfangsmikil umfjöllun um fjölmargar starfseiningar og málaflokka. Meðal annars er gerð ítarleg grein fyrir hornsteinum farsóttaviðbragðsins; aðstöðu/húsnæði, mönnun, tækjum og birgðum. Kafla 31 fjallar sérstaklega um stuðning við starfsfólk, sjúklinga og aðstandendur og í kafla 32 leggur farsóttanefnd fram drög

að nýrri viðbragðsáætlun vegna farsóttta með nokkuð ítarlegum útfærslum (sjá einnig fskj. 9). Í kafla 33 gera þeir þrír forstjórar sem stýrðu spítalanum á tímum heimsfaraldurs grein fyrir sínu sjónarhorni á viðbrögð og viðfangsefni Landspítala. Í kafla 34 er svo helsti lærdómur dreginn saman í 10 undirköflum þar sem fjallað er um mönnun, aðstöðu og búnað, mikilvægi vel búinna rannsóknarstofa, COVID-göngudeild, skimanir, smitrakningu, heimsóknarbann, sálrænan stuðning, væntingastjórnun og vísindi. Alls eru 9 fylgiskjöl með þessari seinni skýrslu s.s. tímalína, áhættumat fyrir Landspítala, skýrslur um hópsýkinguna á Landakoti og fyrrnefnd viðbragðsáætlun vegna farsóttta (í drögum).

Það er umfangsmikið verk að draga saman á heildstæðan hátt viðbrögð Landspítala við heimsfaraldri yfir þriggja ára tímabil og ekki hægt að ábyrgjast að ekki hafi eitthvað gleymst. Það er hins vegar bæði von og ætlan farsóttanefndar að skýrslurnar tvær innihaldi allt sem máli skiptir og geti þjónað þeim tvöfalda tilgangi að vera bæði leiðarvísir til framtíðar og mikilvægt gagn í sögulegu samhengi.

Vinnan við skýrslugerðina hefur undirstrikað svo um munar mikilvægi góðrar skjalfestingar því ekki er hægt að treysta á minni fólks við þessar aðstæður. Þar þykir farsóttanefnd hafa tekist vel til, bæði við skráningu fundargerða (um 450 talsins) og daglegra tilkynninga til starfsmanna (um 470 talsins). Það gerði létti þetta verk að hafa alla atburði skráða í tímaröð.

Ekki er unnt að skilja við skjalfestingu án þess að minnast á gæðaskjölin sem voru skrifuð í faraldrinum (um 150) og þeirra mikilvæga hlutverk í því að leiðbeina um verkferla og greiða aðgengi að nýjustu reglum og leiðbeiningum. Miðlæg vistun þeirra á útvef spítalans, þar sem allir gátu haft óheftan aðgang, á stóran þátt í hversu samræmd og skilvirk vinnubrögð voru á landsvísu t.d. varðandi sýnatökur, sóttkví, einangrun og hlífðarbúnað. Þessum 150 skjölum var breytt ótal sinnum og alls fengu þau 122 þúsund uppflettingar á faraldurstímanum.

Fjöldi mynda þrýðir skýrslurnar og eru þær langflestar teknar af Þorkeli Þorkelssyni ljósmyndara á samskiptadeild Landspítala. Skjalfesting atburða á formi mynda er ómetanleg.

Nokkuð er af tölulegum upplýsingum í skýrslunum en mun viðameiri upplýsingar er að finna í starfsemissupplýsingum Landspítala frá árunum sem um ræðir ásamt [vefsíðu á útvef spítalans](#)

Farsóttanefnd vill að lokum ítreka mikilvægi þess að reglulega sé hugað að þáttum er varða aðstöðu, mönnun og búnað og stöðugt unnið að því að lagfæra, breyta og bæta á milli faraldra.

F.h. farsóttanefndar Landspítala



Hildur Helgadóttir formaður